

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 912/2004

2007/EES/31/43

frá 29. apríl 2004

um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3924/91 um að hefja könnun á iðnaðarframleiðslu í Bandalaginu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3924/91 frá 19. desember 1991 um að hefja könnun á iðnaðarframleiðslu í Bandalaginu ⁽¹⁾, einkum 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EBE) nr. 3924/91 er kveðið á um ráðstafanir vegna aðlögunar að tækniframförum varðandi gagnasöfnun og úrvinnslu niðurstaðna sem framkvæmdastjórnin mælir fyrir um að höfðu samráði við hagskýrsluáætlunarnefndina.
- 2) Vegna tækniframfara og löggjafar sem fylgir í kjölfarið, einkum gerðir er varða evrópska fyrirtækjahagskýrslukerfið, þarf að gera breytingar á umfangi kannana og könnunaratriðum.
- 3) Þessar breytingar ættu að auka umfang hagskýrslna, sem aðildarríkin leggja fram, án þess að auka fyrirhöfn atvinnurekenda.
- 4) Hagskýrslugögn, sem tekin eru saman samkvæmt kerfi Bandalagsins, verða að vera viðunandi að gæðum og samanburðarhæf milli aðildarríkjana.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE ⁽²⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Sviðið, sem könnunin, sem um getur í 1. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3924/91, tekur til, skal auðkenna með vísun í þýði könnunarinnar og spurnareininguna.

Þýði könnunarinnar fyrir viðmiðunartímabilið skal vera fyrirtæki þar sem aðalstarfsemi eða einhver aukastarfsemi þeirra er skráð í bálk C, D eða E í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE, endursk. 1.1), sem sett er fram í reglugerð (EB) nr. 29/2002 frá 19. desember 2001 ⁽³⁾ um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 ⁽⁴⁾.Fyrirtækið er spurnareiningin eins og það er skilgreint í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 ⁽⁵⁾ um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðslukerfi Bandalagsins. Aðildarríkjunum er heimilt að nota aðra hagskýrslueiningu sem spurnareiningu við gagnasöfnum að því tilskildu að þau sendi fyrirtækjagögn til Hagstofu Evrópubandalaganna (Eurostat).

2. gr.

Einingunum í þýði könnunarinnar ber, skv. 2. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3924/91, að gefa sannar og ítarlegar upplýsingar ef aðildarríkin fara þess á leit en takmarka skal þessa skyldu við spurnareiningar í þýði könnunarinnar sem framleiða vörur sem skráðar eru í vöruskrá EB (PRODCOM-skrána).

3. gr.

Þeirri skyldu aðildarríkjana að samþykkja könnunaraðferðir, sem ætlað er að auðvelda gagnasöfnun frá einingum sem ná yfir a.m.k. 90% af innlendri framleiðslu fyrir sérhvern flokk í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalaganna sem um getur í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3924/91, telst fullnægt ef aðildarríkin taka upp aðferðir við kannanir sem eiga að gera mögulega söfnun gagna sem ná yfir a.m.k. 90% af innlendri framleiðslu fyrir sérhvern flokk í bálkum C, D og E í atvinnugreinaflokkuninni (NACE, endursk. 1.1).

4. gr.

Undanþágu aðildarríkjana frá gagnasöfnun, sem um getur í 4. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3924/91, skal skýra með vísun í innlenda framleiðslu á vöru.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 163, 30.4.2004, bls. 71. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2004 frá 29. október 2004 um breytingu á XXI viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 20, 21.4.2005, bls. 26.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 374, 31.12.1991, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 6, 10.1.2002, bls. 3.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 293, 24.10.1990, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 76, 30.3.1993, bls. 5.

Aðildarríkin þurfa ekki að safna gögnum um vöru ef heildarframleiðsla þeirrar vöru innanlands er minni en 1% af heildarframleiðslu hennar í Bandalaginu á næstliðnu ári. Gögn um vörur, sem ekki þarf að taka saman vegna þessarar undanþágu, skulu skráð sem núll. Aðildarríkin skulu leggja fram nauðsynleg skjöl.

5. gr.

Undanþágan frá þeirri skyldu aðildarríkjanna að framkvæma vöruskrárkönnunina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3924/91 skal ná yfir tilvik þar sem aðildarríkin geta aflað nauðsynlegra gagna með því að nota samsetningu ýmissa heimilda og aðferða.

6. gr.

Auk þeirrar skyldu að veita upplýsingar að beiðni Hagstofu Evrópubandalaganna, sem sett er fram í 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 3921/91, skulu aðildarríkin veita Hagstofu Evrópubandalaganna upplýsingar um aðferðir, úrtak og umfang kannana sem eru nauðsynlegar til að skrá samræmi við meginreglur aðferðafræði vöruskrár EB eins og mælt er fyrir um í handbók yfir aðferðafræði hennar.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Joaquin ALMUNIA

framkvæmdastjóri.